

ÚTDRÁTTUR MEGINATRÍÐA

Lesi þessi útdráttinn sem inngang að þessum kynningarbæklingi og allar ákvarðanir um að fjárfesta í RAAM EUROPE ættu að byggjast á athugun kynningarbæklingisins í heild sinni, þar með talið þeim skjölum sem felld hafa verið inn til uppsláttar. Þegar krafa, tengd þeim upplýsingum sem felast í þessum kynningarbæklingi, er lögð fram fyrir dómi, getur kaupandi sem stefnir, samkvæmt landslögum viðkomandi aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins, þurft að bera kostnað af þýðingu þessa kynningarbæklingis áður en málarekstur hefst. Einkaréttarleg ábyrgð, hvað varðar þennan útdrátt, fellur á þá einstaklinga sem hafa lagt fram útdráttinn, að meðtöldum öllum þýðingum á honum, og notað til kynningar á honum, en aðeins ef útdrátturinn er villandi, ónákvæmur eða ekki í samræmi þegar hann er lesinn með öðrum hlutum þessa kynningarbæklingis.

Orð í hástöfum sem notuð eru, en ekki skilgreind, í þessum kafla, má finna annarsstaðar í þessum kynningarbæklingi hlutabréfa, nema annað sé tekið fram.

Útgefandinn

Stichting Maharishi Global Financing Research, góðgerðarstofnun hveurrar meginmarkmið er að koma á fót verkefnum til að útrýma fátækt í heiminum og til að stuðla að menntun.

RAAM EUROPE

Allt að 3,000,000 RAAM EUROPE að upphæð EUR 30,000,000 gefnar út samkvæmt þessum kynningarbæklingi.

Útgáfuverð

Útgáfuverð hvers flokks RAAM EUROPE verður 100% nafnverðs hans. RAAM EUROPE verða gefin út í þremur RAAM EUROPE flokkum, hver með mismunandi nafnverði. Þar af leiðandi verða þrjú mismunandi útgáfuverð sem samsvara nafnverðunum þremur.

Nafnverð

1 RAAM EUROPE seðillinn mun hafa nafnverðið 10 EUR, 5 RAAM EUROPE seðillinn mun hafa nafnverðið 50 EUR og 10 RAAM EUROPE seðillinn mun hafa nafnverðið 100 EUR. Útgáfuár hvers RAAM EUROPE seðils verður prentað á seðilinn (til viðbótar við dagsetninguna október 2001 þegar hugmyndin um RAAM EUROPE varð til).

Staða og flokkun

RAM EUROPE flokkast *pari passu* (í sama mæli)án neins forgangs eða forgangsréttar.

Vextir

RAAM EUROPE eru með handhafasniði og munu bera vexti frá 31. desember útgáfuárs, sem prentað er á seðilinn, í hlutfallinu 3% á hverjum fimm árum (einföld vaxtaprósenta upp á 0,6% á ári). Vextir af RAAM EUROPE eru greiðanlegir við vanskil, á vaxtagreiðsludegi eða hverjum degi þar á eftir, við skipti á RAAM EUROPE á skrifstofum stofnunarinar í þeim aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins þar sem RAM EUROPE verða í boði. Þjóða má og taka við RAAM EUROPE sem greiðslumiðli og hægt er að skipta þeim (með tilhlýðilegri fylgni við viðeigandi söluhömlur). Vextir af RAAM EUROPE hætta að safnast upp á vaxtagreiðsludegi.

Það sem er í boði

Útgáfa og útboð á að hámarki 3,000,000 RAAM EUROPE sem jafngilda EUR 30,000,000 og sem þessi kynningarbæklingur lýtur að.

Greiðsluaðferð

Við greiðslu á útgáfuverði í evrum verða RAAM EUROPE afhent kaupandanum án kostnaðar eða skatta.

Áskrift

Opið er fyrir áskrift, með tilhlýðilegri fylgni við viðeigandi söluhömlur, á skrifstofum Útgefanda frá 14. nóvember 2006, í kjölfar samþykkis hollenska fjármálaeftirlitsins (*Autoriteit Financiële Markten, 'AFM'*) á þessum kynningarbæklingi hlutabréfa, í tólf mánuði sem hefjast þann 14. nóvember 2006, þar til hámarkinu, 3,000,000 RAAM EUROPE, hefur verið náð. Áskrift fer fram með greiðslu útgáfuverðs í evrum. Útgefandi áskilur sér rétt til að loka áskriftartímabilinu hvenær sem er.

Skiptiréttur

Handhafi RAAM EUROPE getur óskað

eftir að Útgefandinn skipti RAAM EUROPE í evrur á nafnverði viðkomandi RAAM EUROPE seðils (að meðtöldum vöxtum, ef greiðanlegir) hvenær sem er á verslunartíma, virka daga eða laugardaga. **"Verslunartími"** merkir frá kl. 10 f.h. til kl. 4 e.h., mánudaga til laugardaga í viðkomandi landi. Útgefandinn verður alltaf við slíkri beiðni um að skipta RAAM EUROPE gegn framsali RAAM EUROPE seðilsins.

Notkun ágóða

Útgefandinn, sem 'fjárhirsla í landi heimsfriðar' mun nota ágóðann til að fjármagna starfsemi sína samkvæmt Verkefninu. Búist er við að ástundun lífræns landbúnaðar og önnur tekjuskapandi starfsemi Verkefnisins leiði af sér tekjur í sterkum gjaldmiðli sem síðan verði tiltækur til að mæta skuldbindingum Útgefandans varðandi skipti á RAAM EUROPE.

Til að tryggja skipti RAAM EUROPE mun Stofnunin hafa að minnsta kosti 50 prósent af tekjum í evrum af sölu RAAM EUROPE bundin á skrifstofum sínum í þeim Evrópulöndum sem RAAM EUROPE verða í boði.

Vaxtagreiðsludagur

Fyrsti dagur sjötta árs eftir 31. desember þess árs sem prentað er á seðilinn.

Falldagur

Varanlegur

Skattlagning

RAAM EUROPE munu ekki innihalda nein ákvæði sem skylda Útgefandann til að safna upp greiðanlegum hagnaði í því tilfelli að halda þurfi einhverju eftir eða til frádráttar eða vegna álagðra skatta í einhverju lögsagnarumdæmi.

Áhættuþættir

Það er engin trygging fyrir að

ástundun lífræns landbúnaðar og önnur tekjuskapandi starfsemi Verkefnisins leiði af sér tekjur í sterkum gjaldmiðli sem síðan verði tiltækur til að mæta skuldbindingum Útgefandans varðandi skipti á RAAM EUROPE.

Hætta getur verið á að Útgefandinn muni ekki samstundis geta skipt RAAM EUROPE þegar handhafi RAAM EUROPE óskar eftir því.

Það er hugsanlegt að einhvern tíma í framtíðinni hefjist gjaldþrotameðferð hvað Stofnunina varðar. Slík meðferð hvað Stofnunina varðar myndi líklega fara fram og stjórnast af gjaldþrotalögum í Hollandi. Með það í huga að handhafar RAAM EUROPE eru ekki tryggðir eða forgangslánadrottinnar Stofnunarinnar, gæti skiptiréttur handhafa RAAM EUROPE orðið takmarkaður eða enginn. Í því tilfalli að um frestun greiðslna og 'kælingartímabil' sé að ræða gæti skiptum á RAAM EUROPE seinkað.

Væntanlegir handhafar RAAM EUROPE í löndum þar sem evran er ekki notuð sem gjaldmiðill, til dæmis í Danmörku, ættu að gera sér grein fyrir að kaup á RAAM EUROPE geta falið í sér gengisáhættu.

Möguleiki er á að virði RAAM EUROPE rýrni þar sem verðbólga minnkar kaupmátt evrunnar sem þess gjaldmiðils sem RAAM EUROPE kann að vera skipt í. Verðbólga veldur því að virði peninga minnkar að einhverju marki og gerir það hvort sem fjárfest er með peningunum eða ekki.

Í augnablikinu er enginn hliðarmarkaður fyrir RAAM EUROPE. Enginn trygging er fyrir því að

neinn hliðarmarkaður fyrir RAAM EUROPE þróist eða ef hliðarmarkaður þróast, að hann muni sjá handhöfum RAAM EUROPE fyrir greiðsluhæfi eða að hann muni halda áfram allan gildistíma RAAM EUROPE. Allir kaupendur verða að vera undir það búnir að eiga slík RAAM EUROPE um ótiltekinn tíma. Engin umsókn hefur verið lögð fram til skráningar RAAM EUROPE.

Hömlur á sölu og tilfærslu

Hömlur á sölu og tilfærslu í tengslum við útgáfu RAAM EUROPE eru til staðar eins og lýst er í „Áskrift og sala“ hér að neðan.

Ráðandi lög

RAAM EUROPE stjórnast af og eru túlkuð í samræmi við hollensk lög.